



ÁLIT NR. 01/2009

FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU

frá 24.08.09

um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur lofthæfis- og umhverfisvottunar loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottunar hönnunar og framleiðslufyrirtækja.

„Möguleikinn á frávikum frá lofthæfisreglum þegar um er að ræða hönnunarbreytingar“

I. Almennt

1. Tilgangur þessa álits er að leggja það til að Framkvæmdastjórnin breyti viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003¹ (hér eftir nefndur liður-21) og einkum liðum 21A.17 og 21A.101 er varða grundvöll vottunar fyrir tegundarvottorð og breytingar á tegundarvottorðum.
2. Álitið hefur verið tekið upp, eftir að verklag tiltekið af stjórnarráði Flugöryggisstofnun Evrópu (stofnunin)², í samræmi við ákvæði 19 greinar reglugerðar (EB) nr. 216/2008³ (hér eftir vísað í sem grunnreglugerðin).

II. Samráð

3. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu (NPA) 2008-09⁴ sem inniheldur drög að áliti um reglugerð framkvæmdastjórnar til breytingar á lið-21 var birt á vefsíðu stofnunninnar 7. maí 2008.
4. Þegar skilafrestur rann út þann 07.08.08 hafði stofnuninni borist í hendur 39 athugasemdir frá 12 innlendum yfirvöldum, fagfélögum og einkafyrirtækjum.
5. Stofnunin hefur kynnt sér allar athugasemdirnar og fellt þær inn í Skjal um svör við athugasemdum (CRD), sem var birt á heimasíðu stofnunarinnar 08.04.09. Skjalið um svör við athugasemdum inniheldur lista yfir alla einstaklinga og/eða samtök sem hafa lagt fram athugasemdir og svör stofnunarinnar.
6. Helsti tilgangurinn með NPA 2008-09 var að breyta lið 21A.101 í lið-21 á slíkan hátt að sama sveigjanleika væri hægt að beita til að koma á grundvelli til vottunar breyttra framleiðsluvara eins og talið var að væri til staðar varðandi grundvöll vottunar þegar um er að ræða tegundarvottorð. Á sama tíma var lagður til nýr texti fyrir þetta sveigjanleikaákvæði í lið 21A.17 varðandi tegundarvottorð í því skyni að reyna að skýra tilgang þess. Í ljósi margra neikvæðra athugasemda hefur Stofnunin þó fallist á að textinn sem lagður var til skýrði ekki hvaða tilfelli hann ætti við og að hann myndi ekki draga úr þeirri tvíræðni sem nú er til staðar. Stofnunin hefur því ákveðið að draga þessar tvær tillögur til baka úr tilkynningunni um fyrirhugaða breytingu og halda aðeins til haga tillögunni er varðar „val um fylgni“ þegar um er að ræða breytingar á hönnun. Þessi ákvörðun kemur fram í skjalinu um svör við athugasemdum.
7. Þann 8. júní 2009 höfðu þrjú viðbrögð við skjalinu um svör við athugasemdum borist frá þremur umsagnaraðilum.

Einn þeirra benti á ósamræmi milli texta liðar 21A.101(a) og hins nýja liðar 21A.101(f). Stofnunin fellst á að texti liðar 21A.101(f) fól í sér villu. Hins vegar var ákveðið að samræma textann svipaða ákvæðinu í lið 21A.17(d) frekar en að samræma hann við lið 21A.101(a).

¹ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 sem fyrirskipar framkvæmdareglugerðir fyrir lofthæfis- og umhverfisvottanir loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6).

² Ákvörðun stjórnarráðs varnandi verklag á að vera framfylgt af stofnuninni í málefnum á borð við skoðanir, vottur kröfustaðlar og leiðsagnarefni (reglugerðar verklag). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

³ **Reglugerð (EB) nr. 216/2008** varðandi breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og Evrópuráðsins (EC) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91670/EEC, reglugerðar (EC) nr. 1592/2002, og tilskipunar 2004/36/EC

⁴ Sjá reglugerðasafn á http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php.

III. Innihald álits stofnunarinnar

8. Í álitinu þessu felst tillaga um að breyta lið-21, einkum þeim ákvæðum sem varða það að koma á vottunargrundvelli hvað varðar tegundarvottorð og breytingar á tegundarvottorðum. Innihaldi þessara breytinga er lýst hér á eftir.
9. Þegar sótt er um tegundarvottorð felst vottunargrundvöllurinn í þeim vottunarforskriftum sem eru í gildi á umsóknardegi, og hugsanlegum sérstökum skilyrðum. Ef vottunarforskriftir taka breytingum eftir að umsóknin var lögð fram en áður en tegundarvottorðið er gefið út getur umsækjandi valið að fylgja breyttu forskriftunum. Það sama ætti að gilda um vottunargrundvöllinn fyrir breyttar framleiðsluvörur. Því skal möguleikanum á „vali um fylgni“ bætt við lið 21A.101 í mati á áhrifum reglugerðar með tilliti til liðar-21

IV. Mat á áhrifum reglugerðar

10. Möguleikinn á því að fylgja seinni vottunarforskriftum mun gera umsækjendum sem leita samþykkis á breytingum á framleiðsluvöru kleift að beita nýjustu öryggisstöðlum. Slíkt stuðlar að auknu öryggi. Þar sem beiting þessa ákvæðis er valkvæð hefur það engin neikvæð efnahagsleg áhrif.

Köln, 24.08.09

P. GOUDOU
Framkvæmdastjóri